

121. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 28. nóvember 2007 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá: 1. Fjárhagsáætlun
 2. Skýrsla skólastjóra
 3. Önnur mál

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Þór Örn Jónsson, bæjarritari, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1.

Þór fór yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir árið 2008. Áætlunin er uppreiknuð miðað við 4% verðbólgu og gert er ráð fyrir sama kennslukvóta næsta ár. Skólanefnd er sátt við áætlunina.

Þór vék af fundi kl. 18:30.

2.

Jóhanna sagði frá tón fundum og tónleikum annarinnar.

Nú er í undirbúningi fernir jólatónleikar 10.-13. desember, kirkjuferð leikskólans og yngri deilda grunnskólans, aðventustund í Stykkishólmskirkju og Helgafellskirkju og jólaheimsóknir vítt og breitt um bæinn.

Martin er að ljúka útsetningum á þjóðlögum fyrir Tónvest mánaðarmótin febrúar og mars.

Tómas hefur sagt upp starfi sínu og hefur staða hans verið auglýst. Viðbrögð voru engin, en unnið er að því að leysa málið.

Starfsdagurinn nýttist vel, skoðaðir voru: Tónlistarskóli Akranes, Tónlistarskóli Hafnarfjarðar og Ingunnarskóli. Endað var á að fara í hljóðfæraverslanir.

Búið er að semja drög að skólastefnu og greiningu á húsnæðisþörf skólans og er hún enn í mótun.

3.

Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 19.15.

Daði Jóhannesson (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign).